

### Vegna þingmáls 543

#### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (blóðmerahald).

Ég, undirritaður bóndi og hestafræðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólanum á Hólum, hef stundað búskap með blóðmerar í tvö ár. Þar áður hafði ég í 10 ár, eða frá 18 ára aldri, unnið við blóðmerabúskap hjá frænda mínum. Fyrir tæpum tveimur árum keypti ég jörðina og allan búskapinn af þessum sama frænda mínum. Ég hef því fylgt mínum blóðmerum í um 12 ára tímabil.

Það hryggir mig að sjá rangfærslur um blóðmerahald í þessu frumvarpi og að líkja búskapnum hér á landi við búskap í löndum í Suður-Ameríku er bara galið. Til að mynda fara folöldin hér alls kostar ekki öll í sláturhús. Að einhverju leyti fara folöld í sláturhús en þau eru þá notuð í kjötframleiðslu og þess má geta að folaldakjöt er með eitt minnsta kolefnisfótspor allra kjötframleiðslu. Önnur folöld eru sett á til tamningar og áframhaldandi ræktunar.

Það að tala um „blóð“merar er einnig svo galið, þar sem í augum bænda eru þetta bara merar eins og hverjar aðrar. Merar sem margar hverjar voru líka notaðar sem reiðhross en eru komnar yfir í folaldseignir og því sjálfsagt að nýta þær til blóðtöku til að standa á mótí kostnaði við hrossahald. Bestu reiðhestarnir mínir eru t.a.m. undan „blóð“merum.

Yfirlýsingar í greinargerð frumvarpsins tala einnig um að merar drepist við blóðtöku. Á þessum 12 árum sem ég hef fylgt blóðmerastóðinu hér hjá mér hefur engin meri drepist við eða vegna blóðtöku!

Hvað varðar velferð, tel ég sem hestafræðingur, að með rétttri aðkomu við hrossin sé líf „blóð“mera einna besta lífið fyrir hross! Ef merunum er sýnd virðing, þeim er kennt að fara á bás og þær læra á blóðtökufurlið þá lifa þessar merar eins náttúrulegu lífi og sést meðal hrossa í heiminum í dag. Það eru reglur um þak á fjölda skipta sem megi taka blóð úr merum og tímabil sem taka megi blóð úr þeim svo veður og kuldi hafi síður áhrif. Það eru einnig skilyrði um meðferð hryssanna, hófsnyrtingar, fóðrun og fleira.

Að lokum stingur næst síðasta setningin úr greinargerðinni mig verulega í augun sem bóndi. „Það brýtur gegn öllum sjónarmiðum um velferð dýra að rækta hross til blóðframleiðslu í gróðaskyni.“ Ég get ekki séð að velferð meranna minna sé slæm, þvert á mótí. Og ég rækta hross alls ekki í gróðaskyni! Ég veit ekki með aðra en ég rækta hross til notkunar sem reiðhross, til notkunar í áframhaldandi ræktun, til varðveislu á skemmtilegum hestalitum (sem sumir eru einstakir!), til að nýta beitarnland sem annars væri ónýtt, til kjötframleiðslu og mér til skemmtunar. Ef ekki væri fyrir peninginn fyrir blóðið gæti ég engan veginn réttlætt það að hafa mitt hrossastóð svona stórt og fjölbreytt (og stuðla þar með að líffræðilegri fjölbreytni sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig um að halda hátt undir höfði). Þegar horft er á kostnað við fóðuröflun og vinnu við umhald og umhirðu meranna, verður tímakaup bænda undir lægstu viðmiðum launafólks.

Ég mæli því eindregið gegn því að þetta frumvarp 543 verði að lögum.

Virðingarfyllt

Hanna Valdís Guðjónsdóttir, bóndi á Sólvöllum, hestafræðingur og kennari